

## Vefarinn mikli frá Kasmír

Í bókinni *Skáld um skáld*, sem var gefin út af tilefni viku bókarinnar 2003 af Félagi íslenskra bókaútgefanda, rifjar barnabókahöfundurinn vinsæli, Guðrún Helgadóttir, sem ólst upp í Hafnarfirði, kynni sín af hinni umdeildu bók Halldórs Laxness – *Vefarinn mikli frá Kasmír*. Guðrún segir:

Svo tosaðist úr mér og ég fór að sjá upp fyrir afgreiðsluborðið í bókasafninu í Flensborg og í svörtu augun í honum Magnúsi Ásgeirssyni, sem sat fyrir innan, stundum í vondu skapi, oftast. En hann var alltaf góður við mig og valdi handa mér bækur, sumar auðlesnar, aðrar ekki. Ég bar óskaplega virðingu fyrir honum, vissi að hann var mikið skáld og gáfumaður og þorði ekki annað en að lesa það sem hann fékk mér, enda gekk hann ævinlega úr skugga um það. Strembnastur varð mér Manfreð eftir Byron í þýðingu Matthíasar Jochumssonar, sem hann lét mig lesa þegar ég var átta ára! Ég sá honum aldrei stökkva bros nema þegar hann hlýddi mér yfir hana. Þá hallaði hann sér aftur í sætinu og skellihló.

En eitt sinn sendi hann mig heim með *Vefarinn mikla frá Kasmír*. Sú bók breytti lífi mínu á einni nóttu, ekkert varð aftur eins og það hafði áður verið. Hún fyllti mig einhverri villtri tilhlökkun til að verða fullorðin og mega takast á við lífið, ástina og listina. Ég keypti hana svo fyrir fyrstu sumarlaunin mín og í mörg ár greip ég til hennar hvenær sem depurð og leiði sóttu að. (Bls. 108-9.)<sup>1</sup>

1. Byrjaðu á því að útvega þér *Vefarann mikla frá Kasmír* og lesa það sem sagt er um verkið í bókmenntasögunni. Lestu eins mikið og þú kemst yfir í verkinu.
2. Kynntu þér síðan nánar hvernig hefur verið fjallað um þetta einstaka verk bókmenntasögunnar. Mundu að fara vel með og skrá heimildir. Hafðu í upphafi eftirfarandi spurningar að leiðarljósi, bættu öðrum við frá eigin brjósti þegar líður á vinnuna:
  - Hvers vegna olli verkið þessu fjaðrafoki?
  - Hvers vegna er það talið „einstakt“ fyrir þennan tíma?
  - o.s.frv.
3. Í bókmenntasögu stendur: „*Háværar raddir voru til að mynda uppi hvort mætti flytja svoddan róttækar breytingar inn í íslenskar bókmenntir og þarna kæmu fram og hvort þær hefðu ekki skaðleg áhrif!*“  
Taktu afstöðu til þessara ummæla.
4. Segðu síðan bekkjarfélögum frá árangri af vinnu þinni og lestu upp úr verkinu.
5. Að síðustu: Varstu gripin(n),, einhverri villtri tilhlökkun til að verða fullorðin(n) og mega takast á við lífið, ástina og listina“ við lesturinn eins og Guðrún Helgadóttir orðar svo skemmtilega?

---

<sup>1</sup> Til fróðleiks er Magnús Ásgeirsson frægur fyrir þýðingar sínar.